

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Norðurþingi.

Deiliskipulag við Stórhól – Hjarðarholt á Húsavík.

Sveitarstjórn Norðurþings samþykkti á fundi sínum 19. febrúar 2026 nýtt deiliskipulag fyrir svæðið Stórhól – Hjarðarholt á Húsavík. Nýtt deiliskipulag gerir ráð fyrir fjölgun íbúða og bættri nýtingu á óbyggðum svæðum innan skipulagsins. Gert er ráð fyrir fjölgun lóða og uppbyggingu nýrra húsa sem og fjölgun íbúða í þegar byggðum húsum. Skilgreindar eru nýjar lóðir fyrir allt að 50 íbúðir í fjölbýlishúsum, raðhúsum og einbýlishúsum ásamt fjölgun á um 16 íbúðum í þegar byggðum húsum til viðbótar við þá byggð sem er til staðar.

Við gildistöku nýs deiliskipulags fellur deiliskipulag frá árinu 2001 úr gildi fyrir svæðið.

Deiliskipulagið hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Húsavík, 13. mars 2026.

Gaukur Hjartarson skipulagsfulltrúi.

B deild - Útgáfudagur: 27. mars 2026